

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 214/2011 um meistara- og doktorsnám við Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræðum.

#### 1. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. mgr. 1. gr. reglnanna bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt er heimilt að bjóða upp á viðbótarnám á meistarastigi.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 4. málslíð 1. mgr. bætast við tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Fulltrúi nemenda, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og verkefnastjóri námsins sitja einnig fundi námsstjórnar. Fastir kennarar námsins sitja fundi námsstjórnar eftir því sem þurfa þykir.
- b. Á eftir 1. málslíð 3. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Prófdómarar eru tilnefndir samkvæmt reglum heimadeildar leiðbeinanda.

#### 3. gr.

Heiti III. kafla reglnanna breytist og orðast svo: Ákvæði um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum og viðbótarnám á meistarastigi.

#### 4. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. mgr. 5. gr. reglnanna bætast við tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Umsóknarfrestur um viðbótarnám á meistarastigi er til 5. júní fyrir innritun á haustmísseri, en erlendra umsækjenda til 1. febrúar. Heimili námsstjórn innritun á vormísseri skal sá umsóknarfrestur vera til 30. nóvember.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Orðin „og tilnefndir umsjónarkennara fyrir nemandann“ í lok 2. málslíðar 2. mgr. falla brott.
- b. 1. málslíður 3. mgr. breytist og orðast svo: Að lokinni umfjöllun í námsstjórn er umsækjanda tilkynnt niðurstaðan.
- c. Í stað orðanna „samþykkt í meistaranám“ í 1. málslíð 4. mgr. kemur: samþykkt í meistaranám, eða viðbótarnám á meistarastigi.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 2. málslíð 1. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Umsækjendur, sem ekki hafa ensku að móðurmáli, þurfa að sýna fram á góða þekkingu á enskri tungu.
- b. Í stað orðanna „þriggja sérfræðinga á sviði umhverfis- og auðlindafræða“ í 1. málslíð 2. mgr. kemur: tveggja aðila sem þekkja námsetu umsækjanda.
- c. Á eftir 2. mgr. bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til að innritast í viðbótarnám á meistarastigi í umhverfis- og auðlindafræðum þarf umsækjandi að hafa lokið BS- eða BA-prófi, eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt.

Nemendur sem ljúka viðbótarnámi á meistarastigi í umhverfis- og auðlindafræðum með fyrstu einkunn í öllum námskeiðum í bundnu vali geta sótt um inngöngu í meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum innan auglýsts umsóknarfrests, sbr. 5. gr.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „stúdent“ í 3. málslíð 1. mgr. kemur: nemandi.
- b. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðbótarnám á meistarastigi í umhverfis- og auðlindafræðum er 30 einingar. Miðað skal við að lengd námsins sé fullt nám í eitt misseri, eða hlutanám í tvö misseri. Hámarksnáms-tími er fjögur misseri frá því að nemandi var skrásettur í námið. Stjórn námsins er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi deild, að veita undanþágu frá þessum tímamörkum, þegar sérstaklega stendur á.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „Námið“ í upphafi 1. málslíðar 1. mgr. kemur: Meistaránámið.
- b. Á eftir 3. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðbótarnám á meistarastigi skal fela í sér þátttöku í námskeiðum á framhaldsnámsstigi. Nemandi skal ljúka að lágmarki 18 einingum í tilteknum námskeiðum í umhverfis- og auðlindafræði, sem skilgreind eru í kennsluskrá. Aðrar einingar fást með þátttöku í öðrum námskeiðum.

## 9. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Námskeið á grunnstigi fást ekki metin inn í viðbótarnám á meistarastigi. Hafí nemandi lokið einstökum valnámskeiðum innan annarrar námsleiðar tekur hann önnur námskeið í staðinn. Fyrri nám fæst ekki metið.

## 10. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Háskóla Íslands á grundvelli laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af viðkomandi háskóladeildum, fræðasviðum og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. janúar 2020.*

**Jón Atli Benediktsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*